



AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2017-2029

Breyting aðalskipulags – verzlunar- og þjónustusvæði á Sandlæk

18.03.2026



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 05.02.2026 með athugasemdafresti til: 27.02.2026.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

113940-ASK-001-V02

HÖFUNDUR

HB/ASK

RÝNT

ÁJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLARNIR	5
3.0	Landsskipulagsstefna 2024-2038	6
3.1	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	6
3.1.0	Samræmi breytingarinnar við landsskipulagsstefnu	7
3.2	Deiliskipulag	7
3.3	Fornminjar	7
3.4	Vatnaáætlun 2022-2027	8
4	BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI	8
4.0	Breyting á uppdrætti	8
4.1	Breyting á greinagerð	8
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	8
5.0	Valkostir	9
5.1	Umhverfisþættir og áherslur	9
5.2	Valkostir	10
5.3	Mat á umhverfisáhrifum.	10
5.3.0	Niðurstaða	11
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	11
6.0	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	11
6.1	Skipulagsferlið	12

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðin sem breytingin nær til eru Sandlækur 2 (L166591), Sandlækur I land 4 (L212043), Sandlækur 1 lóð 5 (L217870), Sandlækur 2 lóð (L209688) og Sandlækur 1 (L201306). Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi en verður verslunar- og þjónustusvæði VP30.

Markmið með breytingunni er að styrkja atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu með að heimila gistingu fyrir allt að 40 gesti á um 3 ha svæði. Föst búseta verður áfram á svæðinu og áfram heimilað að stunda búskap á jörðinni Sandlæk.

Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsupprætti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Greinargerð þessi með sveitarfélagsupprætti í mkv. 1:50.000

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Landeigandi vill auka möguleika til uppbyggingar ferðaþjónustu samhliða áframhaldandi rekstri á jörðinni og mun því áfram verða heimilt að nýta jörðina til nýtingar og uppbyggingar í samræmi við skilmála landbúnaðarlands. Gert er ráð fyrir viðhaldi núverandi byggingu og/eða stækka við þær og endurnýta þær, a.m.k. að hluta til, til gistingar fyrir allt að 40 gesti. Áfram verður stundaður búskapur og föst búseta á landbúnaðarlandi og innan nýs verslunar- og þjónustusvæðis.

Sandlækur er staðsettur sunnan við Skeiða- og Hrunamannaveg og nær nýtt verslunar- og þjónustusvæði fyrir fimm landskika; Sandlækur 2 (L166591), Sandlækur I land 4 (L212043), Sandlækur 1 lóð 5 (L217870), Sandlækur 2 lóð (L209688) og Sandlækur 1 (L201306) Aðkoma er um veg af Skeiða- og Hrunamannavegi (nr. 30).

Skipulagssvæðið er að hluta til á Þjórsárhrauni, líkt og stór hluti sveitarfélagsins. Hraunið er um 8.600 ára gamalt. Á skipulagssvæðinu er hraunið allt þakið jarðvegi og gróðri og hefur því tapað þeim eiginleikum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndun.

Svæðið er að mestu algróið en samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna língresis- og vingulvist, sem hefur hátt verndargildi, víðkjarrvist, sem er með mjög hátt verndargildi og grasengjavist, sem hefur hátt verndargildi. Allar vistgerðirnar eru á lista Bernar-samningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar er í mælikvarðanum 1:25.000 og því ekki víst að allar þessar vistgerðir finnast innan skipulagssvæðisins. Landbúnaðarsvæði er allt umhverfis skipulagssvæðið og er það svæði ýmist ræktað eða nýtt sem beitiland. Leitast verður eftir að halda raski í lágmarki á framkvæmdar tímar og góðum frágangi lóða strax eftir að framkvæmdum líkur.

Svæðið er einnig hluti að VOT-S 3 Suðurlandsundirlendi sem er mikilvægt fuglasvæði. Á svæðinu er að finna varp ýmissa vaðfugla. Talningar Náttúruverndarstofnunar benda til marktækrar fækkunar helstu mófuglategunda á Suðurlandi og því er mikilvægt að lágmarka framkvæmdir á varp- og fartíma tegundanna og halda raski í lágmarki.

Verið er að taka gott ræktunarland úr landbúnaðarnotkun en samkvæmt 5. gr. jarðlaga nr. 81/2004 þarf að rökstyðja slíkt m.t.t. til ákveðna atriða. Stærð svæðis er í samræmi við nýtingaráform og gerir halli í landslagi erfitt fyrir ræktun á því svæði sem breytingin nær til. Húsin standa t.a.m. flest á hólum. Breytingin hefur ekki áhrif á möguleika nærliggjandi jarða til að stunda áfram landbúnað, hugað verður að skilmálum í deiliskipulagi sem snúa að umferðaröryggi og að lóðir verði afgirtar ef þess er þörf. Þá verður áfram stundaður búskapur á jörðinni Sandlæk.

Til að tryggja öryggi og sem minnst áreiti fyrir nærsveitunga er mikilvægt að viðhalda girðingum og skjólbeltum. Beina skal umferð, bæði akandi og gangandi vegfarenda, innan marka Sandlækjar.



MYND 1. Fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði er innan rauðu línunnar, um 3 ha að stærð og því sýnt sem hringur í aðalskipulagi líkt og önnur svæði innan við 5 ha að stærð. (Mynd frá [Vefsíð landeigna- HMS](#)).

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLARNIR

Horft er til eftirfarandi áætlana við breytingu á aðalskipulagi.

3.0 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál. Hún tekur til verndar og ráðstöfunar lands á hálendi Íslands, í þéttbýli og dreifbýli og sjálfbærri nýtingu haf- og strandsvæða. Landsskipulagsstefna byggir á þeirri framtíðarsýn í skipulagsmálum „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“

Í stefnunni eru sett fram þrjú markmið er snúa að vernd umhverfis og náttúru, velsæld samfélagsins og samkeppnishæfu atvinnulífi.

Kolefnishlutleysi er leiðarljós markmiðsins um *vernd umhverfis og náttúru*. Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Kolefnishlutleysi á að vera að leiðarljósi í skipulagi sem stuðla þarf að með markvissum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.

Aðlögun að loftslagsbreytingum er leiðarljós markmiðsins um *velsæld samfélagsins* og skal skipulag stuðla að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinum byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegu umhverfi. Loftslagsaðlögun á að vera leiðarljós í skipulagi sem verður að stuðla að seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Markmið um *samkeppnishæft atvinnulíf* stuðlar að því að skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi. Kolefnishlutleysi á að vera leiðarljós í skipulagi sem miðar að því að auka til muna bindingu gróðurhúsalofttegunda.

3.1 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Svæðið sem breytingin nær yfir er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og í flokkun landbúnaðarlands fellur það í flokk I og II. Skv. 5. gr. jarðlaga nr. 81/2004, við gerð aðalskipulags í dreifbýli skal land flokkað með tilliti til ræktunarmöguleika. Svæðið sem um ræðir er lélegt ræktunarland og byggt verður upp í nágrenni við núverandi bæjartorfu.


Í kafla 2.3.1 er eftirfarandi stefna fyrir landbúnaðarsvæði:

- Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verða áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu landbúnaðarlands.

Í kafla 2.3.3 er eftirfarandi stefna fyrir verslun og þjónustu:

- Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum og nýsköpun á svæði verslunar og þjónustu.

- Þjónusta við ferðamenn verði eflað og stuðlað að fjölgun afþreyingarmöguleika m.a. til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð.
- Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðafólks s.s. hvað varðar samgöngur og upplýsingagjöf.



MYND 2. Hluti af Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Fyrirhugað 3 ha verslunar- og þjónustusvæði er innan rauða hringsins.

3.1.0 Samræmi breytingarinnar við landskipulagsstefnu

Breytingin samræmist stefnu aðalskipulags að því leyti að stuðlað er að nýjum atvinnutækifærum og eflingu ferðaþjónustu innan sveitarfélagsins. Breytingin er í samræmi við landskipulagsstefnu um að uppbygging ferðaþjónustu byggist upp með tilliti til þolmarka innviða og samfélags í sveitarfélaginu, eins varðandi yfirbragð og gæði byggðar sem aðráttarafli ferðamanna.

3.2 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Unnið verður að deiliskipulagi.

3.3 Fornminjar

Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins en þó má finna þær í nágrenni við svæðið. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012,

verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3.4 Vatnaáætlun 2022-2027

Markmið laga um stjórn vatnamála, nr. 36/2011, er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndunar vatnsauðlindarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að breytt stefna hafi áhrif á ástand vatnshlots. Svæðið er innan vatnshlotsins lóða 103-81-G. Umhverfismarkmið er að magnaða og efnafræðilegt ástand sé gott. Hvort tveggja er óþekkt.

4 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI

4.0 Breyting á uppdrætti

Merkt verður inn á aðalskipulagsuppdrátt nýtt 3 ha verslunar- og þjónustusvæði VP30.

4.1 Breyting á greinagerð

Eftirfarandi verslunar- og þjónustusvæði bætist í töflu í kafla 2.3.3 Verslun og þjónusta:

NR.	HEITI	LÝSING	JÖRD
Vp30	Sandlækur	Heimilað er að leigja út gistingu fyrir allt að 40 gesti. Áfram verður heimilaður búskapur og föst búseta á svæðinu. Heimilt er að viðhalda núverandi byggingum og/eða stækka við þær og endurnýja. Núverandi byggingarmagn er um 1250 m ² . Heimilt að heildarbyggingarmagn verði allt að 1600 m ² , ýmist fyrir gistingu, starfsmannahald, fasta búsetu, landbúnað eða aðra ferðaþjónustu. Leitast verður eftir að halda raski í lágmarki á framkvæmdar tíma og góðum frágangi lóða strax eftir að framkvæmdum líkur.	Sandlækur

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar eru áhrif af skipulagsáformum metin. Hafa þarf í huga nákvæmni áætlunar og stöðu hennar á skipulagsstigi. Við breytingu aðalskipulags er óvíst að hægt sé að meta öll umhverfisáhrif með fullnægjandi hætti vegna skorts á fyrirbyggjandi gögnum og/eða upplýsingum. Í slíkum tilfellum er nánar gert grein fyrir ákveðnum umhverfisþáttum á síðari stigum skipulagsvinnu, s.s. við gerð deiliskipulags eða umsókn um framkvæmdar- og/eða starfsleyfi.

5.0 Valkostir

Líklegt er að stefna í gildandi aðalskipulagi verði borin saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag. Þ.e. að um 3 ha landbúnaðarsvæði verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði fyrir allt að 40 gesti.

5.1 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni og nýjum deiliskipulögum verða skoðuð áhrif á umhverfispætti og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir mögulegar meginspurningar í umhverfismatsskýrslu er að finna í töflu hér að neðan. Viðmið fyrir hvern umhverfispátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

TAFLA 1. Umhverfispættir, viðmið og helstu matsspurningar.

UMHVÉRISPÁTTUR	UMHVÉRISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og yfirbragð.</i>	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> Öll mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað og gæta skal samræmis við nálægar byggingar. Landsskipulagsstefna 2024-2038 <ul style="list-style-type: none"> Leitast verði við að haga skipulagi og hönnun mannvirkja þannig að fjölbreytt og verðmætt landslag sé varðveitt. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. <ul style="list-style-type: none"> Hraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki lengur greinanlegt hraun, hefur að jafnaði tapað verndargildi sínu sem jarðmyndun. 	Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038 <ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðar náttúru og menningarminja. Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. <ul style="list-style-type: none"> Vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi njóta sérstakrar verndar og röskun þeirra er aðeins heimil ef brýnir almannahagsmunir réttlæta það og aðrir kostir eru ekki fyrir hendi. 	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra? Hefur stefnan áhrif á ræktunarmöguleika?
Heilbrigði <i>Mengun og hávaði.</i> <i>Umferðaröryggi.</i>	<ul style="list-style-type: none"> Stefna í aðalskipulagi. Öll byggð njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns. Öll byggð verði tengd viðurkenndum rotþróum. Landsskipulagsstefna 2024-2038. <ul style="list-style-type: none"> Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis. 	Er hætta á mengun, hávaða eða ónæði vegna stefnu skipulagsins?
Vatn <i>Grunnvatn</i>	Vatnaáætlun 2022-2027 og lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. <ul style="list-style-type: none"> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa. Öll vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum 	Hefur stefnan áhrif á vatn?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Samfélag <i>Íbúar.</i> <i>Þjónusta við ferðamenn.</i> <i>Atvinnulíf.</i>	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> • Þjónusta við ferðamenn verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð. Landsskipulagsstefna 2024-2038. <ul style="list-style-type: none"> • Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á. 	Hefur stefnan áhrif á íbúa á nærliggjandi býlum? Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?
Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i>	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> • Stuðlað verði að verndun helstu menningarminja. 	Hefur stefnan áhrif á minjar?
Loft <i>Losun og binding</i> <i>gróðurhúsalofttegunda.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038. <ul style="list-style-type: none"> • Í skipulagi dreifbýlis verði mörkuð stefna um landnotkun sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og eykur bindingu kolefnis, svo sem skógrækt, endurheimt votlendis og jarðvegs 	Hefur stefnan áhrif á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda?

5.2 Valkostir

Breytt skipulag: Nýtt verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli, um 3 ha að stærð fyrir allt að 40 gesti.

Gildandi skipulag: Enginn breyting á skipulagi.

5.3 Mat á umhverfisáhrifum.

BREYTT SKIPULAG:

Áhrif á land og landslag eru óveruleg. Mannvirkjagerð á óbyggðu landi kemur óhjákvæmilega til með að hafa áhrif á ásýnd svæðis. Áhersla verður lögð á að viðhalda dreifbýlisfirbrigði í deiliskipulagi og að takmarka óþarfa rask. Áfram verður hægt að stunda áhugamannabúskap innan jarða sem fellur vel að nærliggjandi landnotkun. Uppbygging takmarkar ekki tækifæri nærliggjandi jarða til að stunda áfram landbúnað og stuðlar að hagkvæmri landnýtingu.

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg. Gróður kemur til með að raskast við uppbyggingu en ætla má að lóðir verði græddar upp. Svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglaverndunarsvæði. Þar sem uppbygging mun eiga sér stað í nálæg við núverandi byggingar mun það hafa litlar breytingar frá núverandi áhrifum. Leitast skal að græða upp það sem verður fyrir raski við framkvæmdir.

Áhrif á heilbrigði og öryggi eru óveruleg. Umfang uppbyggingarinnar er ekki þess eðlis að neikvæð áhrif verði á vatnshlot. Settir verða skilmálar í deiliskipulagi um fráveitu svæðis til að tryggja að farið sé eftir viðeigandi lögum og reglugerðum þar að lútandi. Umferð kemur til með að aukast og við það mengun frá bílaumferð og vegna framkvæmda á framkvæmdartíma að einhverju leiti.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Meiri tekjur koma inn til sveitarfélagsins sem og landeiganda. Stuðlað er að auknum atvinnumöguleika fyrir nærsamfélagið með uppbyggingu ferðaþjónustu. Verið er að gefa íbúum tækifæri á að nýta land sitt til tekjuöflunar.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óveruleg. Engar þekktar náttúruminjar eru innan svæðis en í nálægð við það. Óskað verður eftir umsögn Minjastofnunar Íslands við gerð deiliskipulags.

GILDANDI SKIPULAG:

Áhrif á land, landslag, gróður og dýr eru óveruleg. Dregur úr raski á óbyggðum svæðum og verndar náttúru- og landbúnaðarland. Minni röskun á viðkvæmum vistkerfum innan dreifbýlis.

Áhrif á heilbrigði og samfélag eru óveruleg. Nýtir núverandi kerfi, s.s. fráveitukerfi og dregur úr mögulegri mengun. Áhrif umferð, hávaða á loftgæði eru jákvæð með styttri ferðum og minni orkunotkun í samgöngum.

Áhrif á minjar eru óveruleg. Engin breyting.

5.3.0 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni. Þrátt fyrir 5. gr. jarðlaga er ekki stórt svæði að fara undir verslunar- og þjónustusvæði, auk þess sem hefðbundin landbúnaður verður stundaður á svæðin áfram. Lögð er áhersla á að farið sé eftir reglugerðum um fráveitur og skólp og ganga vel frá hreinsivirki á skipulagssvæðinu.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Skipulagslýsing var kynnt 05.02.2026 með athugasemdafresti til 27.02.2026. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, eigendum og ábúendum á Sandlækjarkoti 2 og Náttúruverndarstofnun. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til athugasemda.

6.0 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar


Óskað var eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Umhverfis- og Orkustofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin

6.1 Skipulagsferlið




Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 Sandlækur



SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Íbúðarbyggð
- Fristundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Fristundabyggð
- Iðnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Verslun- og þjónusta
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir til skýringar
- Slóðar
- Reiðleiðir
- Rafnlínur 66-220 kV
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Friðlýstar fornminjar
- Svæði breytingar

GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTUR

Aðalskipulagsbreyting þessi var kynnt og auglýst skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn þann

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af HMS

Aðalskipulagsbreytingin óðlaðist gildi með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda



Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Sandlækur

Verk: 113940
Blaðstærð: A4

Unnið: GAL
Rýnt: IS

Mælikvarði: 1:50.000
Breytt dags:

Dags: 24.03.2026



Skipulagsgögn:
Greinargerð og uppdráttur.